

Stjórnarfundur Félags eldri borgara á Akureyri 2. desember 2014

Fundargerð 8

Áttundi stjórnarfundur Félags eldri borgara á Akureyri starfsárið 2014-2015 var haldinn í Bugðusíðu þriðjudaginn 2. desember. Þessir voru mættir: Sigurður Hermannsson, Halldór Gunnarsson, Arnheiður Kristinsdóttir, Guðbjörg Bjarman, Anna G Thorarensen Karl E Steingrímsson, Einar Gunnarsson og varamenn; Kolbrún Kristjánsdóttir, Númi Adólfsson, Aldís Björnsdóttir.

Formaður félagsins Sigurður Hermannsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá fundarins:

1. **Mál** – Ritari félagsins Halldór Gunnarsson las fundargerð stjórnar frá 4. nóvember 2014 og var hún samþykkt án athugasemda.
2. **Mál – Styrkveiting til sjúkrahússins á Akureyri**

Formaður hóf umræðu um þennan dagskrárlið. Þetta mál var til umfjöllunar á stjórnarfundum 19. maí sl. þegar Jóhannes Bjarnason og Stefán Gunnlaugsson frá Hollvinum sjúkrahússins mættu og óskuðu eftir því við stjórnina að félag eldri borgara styrkti sjúkrahúsið til tækjakaupa. Málið töluvert rætt og samþykkt samhljóða að styrkupphefðin til sjúkrahússins til tækjakaupa verði kr. 1.500.000. Formanni og gjaldkera falið að afhenda upphæðina til sjúkrahússins í tengslum við söfnun Hollvinasamtaka SA sem fram fer á Glerártorgi 13. desember n.k. Stjórnarmenn hvattir til að mæta.

3. **Mál - Heimasíðan ebak.is - starfslýsing**

Heimasíða Félags eldri borgara á Akureyri var opnuð á netinu í janúar 2014. Stefna hugbúnaðarhús setti síðuna upp í samráði við fulltrúa stjórnarinnar þá Sigurð Hermannsson og Halldór Gunnarsson. Stefna hugbúnaðarhús hýsir síðuna og aðstoðar við uppsetningu efnis og þróun hennar eftir óskum félagsins. Umsjónarmenn síðunnar nú eru Anna G Thorarensen og Halldór Gunnarsson. Til umfjöllunar á fundinum voru drög að starfslýsingu fyrir umsjónarmenn heimasíðunnar sem Anna og Halldór höfðu tekið saman, en þau höfðu verið send stjórnarmönnum í tölvupósti fyrir fundinn. Helstu efnisatriði starfslýsingarinnar snúa að efnisöflun af ýmsu tagi s.s. auglýsingar og tilkynningar, fræðslu- og skemmtiefni, félagaskrá og póstlista, viðburði og það sem er á döfinni á hverjum tíma, greiðslur til Stefnu og kostnað vegna umsjónar, hverjir setji inn efni o.fl. Töluverð umræða varð um þennan dagskrárlið og starfslýsingin síðan samþykkt samhljóða. Afrit starfslýsingarinnar fylgir með fundargerðinni sem fylgiskjal.

4. **Mál - Heimsókn formanns og framkvæmdastjóra LEB**

Formaður greindi frá því að formaður og framkvæmdastjóri Landssambands eldri borgara (LEB) hafa tilkynnt um komu sína til Akureyrar og nágrennis um miðjan janúar n.k. Tilgangurinn er að heimsækja félög eldri borgara hér við Eyjafjörð og víðar. Stjórnin samþykkti að boða til almenns félagsfundar að þessu tilefni og verður hann auglýstur þegar dagsetning liggur fyrir.

5. Mál – Endurskoðun á lögum félagsins

Formaður hóf umræðu um þennan dagskrárlið sem felur í sér að stofna nefnd til þess að endurskoða lög félagsins en umræða um þetta mál hefur áður borið á góma á fundum stjórnarinnar. Samþykkti fundurinn að tilnefna þriggja manna nefnd sem fengi það verkefni að endurskoða lög félagsins. Í nefndina voru tilnefnd; Sigurður Hermannson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Sigurður Jóhannesson. Nefndin skili tillögum að lagabreytingum til stjórnar félagsins í síðasta lagi 20. febrúar 2015. Formanni falið að hafa samband við Úlfhildi og Sigurð hvað þetta varðar.

6. Mál - Þakkir til nefnda félagsins

Formaður hóf þessa umræðu. Taldi hann störf nefnda félagsins og þá viðburði og afþreyingu sem nefndirnar hafa staðið fyrir hafa heppnast vel og verið félaginu til sóma. Aðrir stjórnarmenn tóku undir þessa skoðun. Vill stjórnin hér með koma þakklæti á framfæri við nefndir félagsins fyrir vel unnin störf.

7. Mál – Önnur mál

- a) Formaður greindi frá því að bæjaryfirvöld hafa enn sem komið er ekki boðað fulltrúa stjórnar félagsins á fund til að ræða stofnun öldungaráðs. Gert er ráð fyrir að boðað verði til fundar fljótlega.
- b) Hugmyndakassanefndin hefur þegar hafið störf en í nefndinni eru; Arnheiður Kristinsdóttir formaður, fulltrúi stjórnar félagsins, Guðmundur Ó Guðmundsson ritari, frá fræðslunefnd, Svava Karlsdóttir frá skemmtinefnd, Hulda Eggertsdóttir frá göngunefnd og Karl E Steingrímsson frá ferðanefnd. Nefndin starfar samkvæmt erindisbréfi sem samþykkt var á stjórnarfundi 4. nóvember sl.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þriðjudaginn 6. janúar 2015 kl. 10:00 á skrifstofu félagsins í Bugðusíðu.

Viðvera næsta fimmtudag:

11. desember - Einar og Sigurður

Viðvera stjórnarmanna á skrifstofu félagsins hefst aftur fimmtudaginn 8. janúar 2015.

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundarritari – Halldór Gunnarsson